

7. gr.

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

Brjótí atvinnurekandi gegn ákvæði fyrri málsgreinar skal hann greiða bætur. Við ákvörðun bóta skal m.a. taka mið af ráðningartíma starfsmanns hjá viðkomandi atvinnurekanda.

8. gr.

Ákvæði laga þessara skerða ekki þann heildarrétt sem verkalýðsfélög kunna að hafa samið um umfram það sem í lögum þessum greinir.

9. gr.

Um greiðslur í fæðingarorlofi fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Gjört í Reykjavík, 31. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Ragnhildur Helgadóttir.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 5. apríl 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.